



Héraðsnefnd Múlasýslna lögð niður og starfsemi og fjárhagur fluttur yfir til SSA

Á aðalfundi Héraðsnefndar Múlasýslna 2. nóv. 2009 var svohljóðandi samþykkt gerð

Aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna haldinn á Reyðarfirði 2. nóvember 2009

Samþykkir að Héraðsnefnd Múlasýslna kt. 670849-1089 verði lögð niður og öll starfsemi á hennar vegum og fjárhagur fluttur yfir til Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) kt. 560276-0298, frá og með næstu áramótum..

Með vísan til 10.gr. samþykktu um Héraðsnefnd Múlasýslna gilda ákvæði 102.og 103.gr sveitarstjórnarlaga nr.8. 1986 , með síðari breytingum .

Greinargerð :

Til rökstuðnings tillögunni liggur álit lögfræðideildar Samb. Isl. sveitarfélaga , um stöðu Héraðsnefnda frá 16. janúar 2007 .

Auk þess liggur fyrir að sömu aðilar (sveitarfélög á starfssvæði SSA) bera á byrgð á skuldum og eignum beggja framangreindar “ byggðasamlaga”.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Til upplýsingar eru hér samþykktir fyrir HNM

HÉRAÐSNEFND MÚLASÝSLNA

Sveitarstjórnirnar í Múlasýslum; Skeggjastaðahreppi, Vopnafjarðahreppi, Norður-Héraði, Fljótadalshreppi, Austur-Héraði, Fellahreppi, Borgarfjarðahreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, Mjóafjarðahreppi, Fjarðabyggð, Búðahreppi, Fáskrúðsfjarðahreppi, Stöðvarhreppi, Breiðdalshreppi og Djúpavogshreppi gera með sér svofelldan samning um Héraðsnefnd Múlasýslna.

1. GR.

Sveitarstjórnir framangreindra sveitarfélaga hafa samþykkt að gerast aðilar að Héraðsnefnd Múlasýslna, sem stofnuð var skv. 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8, 1986, sbr. IX kafla sömu laga og bráðabirgðaákvæði I, sbr. reglugerð nr. 286, 19. maí 1988.

2. GR.

Héraðsnefnd Múlasýslna skal annast þau sameiginleg verkefni, sem snerta öll sveitarfélög á starfssvæði hennar, svo sem tilnefningu í nefndir, stjórnir og ráð, svo og þau verkefni, sem henni eru falin, eða kunna að verða falin með lögum. Kostnað vegna Héraðsnefndar skal greiða úr héraðssjóði.

Héraðsnefnd beitir sér fyrir því að stofnuð verði byggðasamlög um verkefni eða stofnanir, sem

sveitarfélög á starfssvæði hennar hyggjast sameinast um.

3. GR.

Aðalfund Héraðsnefndar skal halda eigi síðar en 15. okt. ár hvert. Aukafundi skal halda eftir þörfum. Til hvors tveggja skal boða með dagskrá með minnst 10 daga fyrirvara. Um kosningu fulltrúa á fundi þessa gildir sú regla að hvert sveitarfélag skal árlega kjósa einn fulltrúa í Héraðsnefndina og annan til vara. Um atkvæðisrétt fulltrúa á fundum Héraðsnefndar gilda svohljóðandi reglur:

a) Fulltrúi frá sveitarfélagi, sem hefur 200 íbúa eða færri, fer með 1 atkvæði.

b) Hverjum 350 íbúum eða broti af þeirri tölu umfram fyrstu 200 íbúana fylgir 1 atkvæði fyrir fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga.

Á aðalfundi skal fjalla um og afgreiða eftirgreind mál:

1. Skýrslu stjórnar vegna líðandi starfsárs.

2. Lagðir skulu fram endurskoðaðir reikningar Héraðsnefndar fyrir seinasta almanaksár og fjárhagsáætlun næsta árs.

3. Kosningar (til eins árs í senn):

i) Kosning 7 (8) aðalmanna í stjórn.

ii) Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga.

iii) Kosning 5 fulltrúa í ritnefnd Múlaþings.

(Jafnmargir varamenn skulu kosnir í öllum tilfellum).

4. Önnur mál.

Á fyrsta aðalfundi eftir hverjar lögbundnar sveitarstjórnarkosningar skal kjósa til fjögurra ára í senn 3 aðalmenn og jafnmarga til vara í Gróðurverndarnefnd fyrir hvora Múlasýslu um sig. Áður en kosning fer fram skal leita álits Búnaðarsambands Austurlands.

Kjósa ber á sama fundi til sama tíma 1 aðalmann og annan til vara í Jarðanefnd hvorrar Múlasýslu um sig.

Kjósa ber á sama fundi til sama tíma 3 menn í Náttúruverndarnefnd Múlasýslna og jafnmarga til vara, sbr lög nr. 47/1971 og reglugerð nr. 205/1973. Aðalfundurinn kýs jafnframt formann nefndarinnar.

Ennfremur ber á sama fundi að kjósa til sama tíma 1 aðalmann og annan til vara í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.

Stjórn Héraðsnefndarinnar fer sjálf með úthlutanir úr Minningarsjóði Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar skv. skipulagsská hans og lætur vinna árlega

endurskoðað uppgjör sjóðsins í samræmi við kröfur Ríkisendurskoðunar.

Fundir Héraðsnefndarinnar eru ályktunarbærir ef 2/3 fulltrúa eða umboðsmenn þeirra eru mættir, en afl atkvæða ræður á fundi.

Samþykki $\frac{3}{4}$ atkvæðahluta fulltrúa þarf til að ákvarðanir Héraðsnefndar um fjárfestingar, meiriháttar ólögbundin útgjöld og skuldbindingar, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun, öðlist gildi. Um slík mál skal fjallað á tveimur fundum nefndarinnar með a.m.k. tveggja vikna millibili. Kynna skal sveitarstjórnnum þau formlega milli funda.

4. GR.

Stjórn Héraðsnefndarinnar, sem annast málefni hennar milli aðalfunda, skal skipuð 7 (8) mönnum og jafnmörgum til vara, sömu mönnum og valist hafa úr Múlasýslum í stjórn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi (SSA). Þau ár, sem stjórn SSA er skipuð 8 mönnum úr Múlasýslum, ræður atkvæði formanns á fundum stjórnar Héraðsnefndarinnar, falli atkvæði jöfn í atkvæðagreiðslu innan hennar.

Innan stjórnarinnar skal starfa 3ja manna framkvæmdaráð (Héraðsráð), sem ásamt framkvæmdastjóra fer með málefni hennar á milli stjórnarfunda.

5. GR.

Stjórn Héraðsnefndarinnar skal eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund ár hvert semja fjárhagsáætlun hennar fyrir næsta ár og senda ásamt reikningum fyrir seinasta ár.

6. GR.

Sveitarfélögin bera sameiginlega einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum Héraðsnefndarinnar. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við fólksfjölda 1. des. næst liðið ár.

7. GR.

Stjórnarfundir Héraðsnefndarinnar skulu, eftir því sem unnt reynist, haldnir samhliða stjórnarfundum í SSA. Stjórnarformaður skal sjá um að fundargerðir séu skipulega færðar í sérstaka gerðabók og þar séu m.a. skráð öll framkomin mál og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Aðalfundir Héraðsnefndarinnar skulu að jafnaði haldnir samhliða aðalfundum Héraðsskjalasafns Austfirðinga b/s. Um framgang mála og fundarskóp fer skv. reglum um fundi SSA.

Fundargerðir Héraðsnefndar skulu sendar aðildarsveitarfélögunum og stjórn hennar.

8. GR.

Stjórn Héraðsnefndarinnar ræður framkvæmdastjóra hennar svo og annað starfsfólk eftir því sem þörf krefur. Skal hann veita forstöðu skrifstofu nefndarinnar og hefur á hendi þau störf, er stjórn felur honum. Skal framkvæmdastjóri ráðinn til fjögurra ára í senn. Í ráðningarsamningi skal m.a. kveða á um launakjör starfsmanns, vinnutíma, orlof, lífeyri og uppsagnarfrest af hendi

hvors aðila. Heimilt er stjórninni að ráða framkvæmdastjóra SSA til að veita skrifstofu nefndarinnar forstöðu og gildir þá ráðningarsamningur hans hjá SSA, en Héraðsnefndin endurgreiðir SSA sannanlegan stjórnunarkostnað vegna hennar í samræmi við fjárhagsáætlun ár hvert.

9. GR.

Tekjur Héraðssjóðs eru árlegt framlag aðildarsveitarfélaganna skv. fjárhagsáætlun Héraðsnefndar. Skal framlögum jafnað niður á aðildarsveitarfélögin miðað við íbúafjölda 1. des. næst liðið ár og þau greidd í einu lagi. Gjalddagi er 1. júní ár hvert og eindagi seinasti dagur sama mánaðar. Verði vanskil á greiðslu framlags, greiðast dráttarvextir af vanskilafénu í samræmi við ákvæði þá gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga.

10. GR.

Samning þennan skal endurskoða í síðasta lagi innan 10 ára skv. 101. gr. sveitar-stjórnarlaga nr. 8/1986.

Við úrsögn sveitarfélaga úr Héraðsnefndinni eða verði hún lögð niður gilda ákvæði 102. og 103 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

11. GR.

Samningur þessi öðlast gildi 5. okt. 1996 og fellur þá úr gildi samningur frá 1. jan. 1992.

(Samningurinn þannig samþ. á aðalfundi Héraðsnefndar Múlasýslna 4. okt. 1996)
(og á aðalfundi 16. nóvember 1998 er nöfnum sveitarstjórna breytt til samræmis við stækkun / fækkun sveitarfélaga.

Héraðsnefnd Múlasýslna síðan lögð niður með samþykkt aðalfundar HNM 2. Nóv. 2009 . Verkefni og fjárhagur fluttur yfir til SSA 1. Jan. 2010.